

Ágrip

Ritgerð þessi er unnin sem lokaverkefni til B.Ed. prófs við Kennaradeild Háskólans á Akureyri vorið 2007.

Viðfangsefni ritgerðarinnar er að leitast við að sýna fram á hvernig auka megi skynjun og næmi nemenda fyrir umhverfi sínu og hvers vegna þess er þörf í nútímasamfélagi. Með breyttum atvinnuháttum og hröðum tækniframförum er hætt á að verðmæt þekking og menning glatist og falli í gleymsku sé þess ekki gætt að hlúa að henni. Í fyrri hluta ritgerðarinnar er fjallað um grenndarfræði og þau hugtök sem henni tengjast eru skilgreind. Lögð er áhersla á nauðsyn þess að efla grenndarkennslu í skólum og hverju það megi skila bæði nemandanum og samfélaginu í heild. Fjallað er um virkt nám og ýmsar kenningar sem tengjast kennslufræði og færð rök fyrir því að æskilegt sé að nota fjölbreytta kennsluhætti og samþættingu námsgreina til að auka veg grenndarkennslu. Bent er á leiðir eins og leitarnám, hópavinnu og þemanám til þess að auka fjölbreytileika í kennsluháttum. Leitast er við að sýna fram á hverju slík vinnubrögð skila og hvernig nálgast má þau í kennslunni. Í seinni hluta ritgerðar er svo að finna tillögu að þemaverkefni þar sem unnið er með sögustaði og náttúru í Vestmannaeyjum og byggir á þeim námshugmyndum og kennslufræði sem kynnt hefur verið. Verkefnið sýnir fram á hvernig hægt er að flétta grenndarkennsluna inn í aðrar námsgreinar og dýpka þannig skilning nemenda á umhverfi sínu eða grennd, þannig að þau beri virðingu og væntumþykju fyrir því.

Abstract

This essay has been written as a final project for a B.Ed. degree in primary school education at the faculty of education at the University of Akureyri, Iceland. The subject of the essay is to try to prove that it is possible to increase the sensitivity and awareness of students towards their environment and why that is necessary in modern day society. With changes in the industrial structure occurring in modern day high technology society there is a danger of valuable knowledge and culture being lost and forgotten if not cared for properly. The first chapters of the essay are dedicated to the definition of environmental teaching and related concepts. Emphasis is placed on the vital role of environmental teaching and how it benefits both students and the society as whole. The ideology of active learning and theories related to didactics are discussed. Arguments are made to show why it is preferable to use variety of teaching methods and integration of subjects to increase the value of environmental teaching. Discussion of different teaching methods like inquiry learning, group based learning and theme based learning follows to show possible ways to increase variety in teaching methods. Arguments are made for the benefits of those methods and how they can be approached. The final chapters contain a proposition of a theme based project built from the methods and didactics presented earlier in the essay and where history and nature in Vestmannaeyjar play a big role. The project is made to show how environmental teaching can be intertwined with other subjects to create deeper understanding and awareness and create respect and concern of students for their environment.